

**Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026****MEÐF3NN05**

Kennari	Heiðrún Rut Unnarsdóttir, heidrun.unnarsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Senda tölvupóst	
Námsefni	Moodle fyrirlestrar og Neale's Disorders of the Foot	
Áfangalýsing	Áfanginn er verklegur. Nemendur læra mismunandi aðferðir við að meðhöndla vandamál í nöglum, s.s. niðurgrónar neglur, þykkar neglur, sveppaneglur, innrúllaðar neglur. Farið er í ráðgjöf og gert grein fyrir mikilvægi forvarna.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Nemandi skal ná að lágmarki 5 fyrir öll verkefni og 5 í lokaeinkun til að standast áfanga. Ef nemandi nær ekki 5 er möguleiki á endurtekt í samráði við kennara. En einkun er þó aldrei meiri en 5 fyrir þau skil.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Verkefni – Inngróin nögl	20%
	Klíník	65%
	Dagbókarfærslur	15%
	Samtals :	100%
Reglur áfanga	Símar skulu vera geymdir í skápnum inní stofu. Gott er að hafa vatnsbrúsa með.	
Grunnpættir menntunar	Heilbrigði og velferð Áfanginn stuðlar að heilbrigði og velferð með því að nemendur öðlast þekkingu og verklega færni í að fyrirbyggja og meðhöndla mismunandi naglavandamál. Áhersla er lögð á hreinlæti, öryggi, forvarnir og faglega ráðgjöf til skjólstæðinga. Læsi Nemendur öðlast læsi á fagleg hugtök, upplýsingar og aðferðir sem tengjast naglavandamálum og meðhöndlun þeirra. Þeir læra að meta ástand nagla, velja viðeigandi meðferð og nýta faglegar upplýsingar við ákvarðanatöku og ráðgjöf. Jafnrétti Nemendur þjálfast í að veita einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem tekið er tillit til ólíkra þarfa og aðstæðna skjólstæðinga. Áhersla er lögð á virðingu, jafnræði og fagleg samskipti við alla einstaklinga.	

	Sköpun Nemendur beita þekkingu og verklegri færni við lausn mismunandi naglavandamála. Þeir þurfa að meta hvert tilfelli fyrir sig, velja viðeigandi aðferðir, tæki og úrræði og aðlaga meðferð að þörfum einstaklingsins. Sjálfbærni Áhersla er lögð á ábyrg og fagleg vinnubrögð, skynsamlega notkun tækja og efna og mikilvægi forvarna. Með góðri ráðgjöf og fyrirbyggjandi aðgerðum er stuðlað að því að draga úr endurteknum vandamálum og óþarfa meðferð. Lýðræði og mannréttindi Nemendur læra að virða rétt skjólstæðinga til upplýsinga og þátttöku í ákvörðunum um eigin meðferð. Áhersla er lögð á fagmennsku, virðingu, trúnað og sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins.
--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - mismunandi aðferðum við að meðhöndla vandamál í nöglum. - mismunandi tækjum og tólum sem notuð eru til meðhöndlunar á vandamálum í nöglum. - mikilvægi forvarna og ráðgjafar um vandamál í nöglum.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - klippa niðurgrónar neglur rétt - fóðra naglaföls. - velja og setja spangir á neglur. - meðhöndla líkpörn, sveppi o.fl. undir nöglum. - að slípa niður neglur.
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - útskýra mikilvægi forvarna og veita ráðgjöf um vandamál í nöglum. - meðhöndla mismunandi vandamál í nöglum.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	14 dagar x 7 klst.	98 klst.
Undirbúningur f. tíma	10 vikur x 1 klst.	10 klst.
Verkefni	10 klst.	10 klst.
Alls		118 klst. = 5 ein

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst		
2. vika 24.-28. ágúst		
3. vika 31. ágúst-4. september	Vinna í Klíník	
4. vika 7.-11. september		
5. vika 14.-18. september	Vinna í Klíník	
6. vika 21.-25. september		
7. vika 28. september-2. október	Vinna í Klíník Dagbókarfærslur	
8. vika 5.-9. október		
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Vinna í Klíník Dagbókarfærslur	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>		
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Vinna í Klíník Dagbókarfærslur	
12. vika 2.-6. nóvember		
13. vika 9.-13. nóvember	Vinna í Klíník Skriflegt verkefni	Skil 15.nóv
14. vika 16.-20. nóvember		
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Vinna í Klíník Skila á Dagbókarfærslum	30.nóv
16. vika 30. nóvember-4. desember		

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Heiðrún Rut Unnarsdóttir